



Afmælikveðja frá forseta Íslands

Saga Karla-kórsins Þrasta spannar nú heila öld og er gott dæmi um þroskandi og heillavænlegt frístundastarf, gjöfult starf á vettvangi lista.

Kórinn verður til þegar Hafnarfjörður er í fremstu röð íslenskra kaupstaða og ber þess merki æ síðan í metnaði sínum og krafti, félagsstarfið sterkt, makar öflugur bakhjarl sem og deild eldri kórfélaga, ótal söngferðir í minningasjóði, bæði innanlands og erlendis. Sönggleðin smitar og í henni skynjum við sem hlustum þá ánægju sem þátttakan veitir kórfélögum, hrífumst með.

Hvað gefur samfélagi okkar kraft, gefur því gildi að vera Íslendingur, hvað tengir okkur saman? Það er ekki aðeins það að búa á sama svæði, sýslu eða kaupstað, ekki eingöngu það að deila saman skólum og vinnustöðum eða einu tungumáli heldur ekki síður hitt að efla andann saman, leysa þrautir, lyfta huganum í samstillingu og list.

Karлакórinn Þrestir getur litið stoltur yfir farinn veg, þakkað metnaðarfullum stjórnendum og velunnurum, öllum þeim sem undanfarna öld hafa lagt honum til rödd. Ég þakka kórnum, fyrir hönd þjóðarinnar, frábært framlag til listar og samfélags, góða skemmtun.

A handwritten signature in black ink, reading "Ólafur Ragnar Grímur". The signature is written in a cursive, flowing style.